

Fjölbrautaskóli Snæfellinga
Fundargerð 17. fundur skólanefndar
18. janúar 2005

Mætt: Kjartan Páll Einarsson (formaður), Sigríður Finsen, Sveinn Þór Elinbergsson, Eyþór Benediktsson, Björg Ágústsdóttir, Guðbjörg Aðalbergsdóttir, Pétur Ingi Guðmundsson, Vilhjálmur Gunnarsson áheyrnarfulltrúi kennara, Björn Ásgeir Sumarliðason áheyrnarfulltrúi nemenda og Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir fundarritari.

1. Fundur settur

Kjartan Páll setti fundinn kl. 16:30 og bauð fundarmenn velkomna. Minntist á að mjög margt hefði gerst síðan á síðasta fundi, m.a. vígsla skólahúsnæðis, sjónvarpsviðtal, Gettu betur og rekstur mötuneytis hafinn.

2. Námsárangur á haustönn

GA hefur gert samantekt á því hvernig námsárangur á haustönn var og hefur í því samanburð við FS.

Báðir skólar hafa ákveðna toppa og lægðir en yfir heildina er námsárangur nokkuð svipaður.

Hjá FSN sem sérstaklega þarf að skoða og er búið að bregðast við ákveðnum hlutum t.d er SPÆ103 komin í staðarnám í stað gestakennslu.

Kennarar hér hafa val um hvort þeir hafi lokapróf eða símat og hversu mikið lokaprófið gildir af lokaeinkunn.

Fundarmenn eru sammála um að niðurstaðan er góð og verið er að taka á þeim málum sem ekki eru viðunandi.

3. Nemendafjöldi á vorönn

Skoðuð samantekt GA á nemendafjölda, fjöldi ársnemenda á vorönn er um 129. Sérstaklega er bent á fjölda nemenda á málabraut og rædd staða þeirrar brautar. Umræður um fjölda eldri nemenda og hvað þeir eru aðallega að læra. Brottfall innan annar á haustönn 2004 var 10,6%.

4. Tæki í íþróttasal

Fjallað um umræður sem komið hafa upp varðandi tæki í íþróttasal. Fjallað um samkeppnissjónarmið o.fl. og upplýst um hvaða tækjakost er að ræða.

Kaup á slíkum tækjum hefur verið inn á áætlun frá upphafi.

Aðstaðan er ætluð nemendum skólans á skólatíma og má líta svo á að þessir nemendur væru ekki á svæðinu nema vegna tilkomu skólans.

Ekki er gert ráð fyrir að þetta verði almennur rekstur, þar sem þetta er eingöngu fyrir nemendur og starfsfólk.

Ennfremur er rætt um fyrirkomulag íþróttakennslu.

5. Rekstraráætlun

GA dreifir afriti af rekstraráætlun ársins 2005. Fundarmenn skoða tölur og kökurit og velta fyrir sér einstökum liðum.

Fundarmenn eru sammála um að skoða þarf rafmagnsnotkun í samvinnu við Rarik.

Ljóst er að framlag það sem gert er ráð fyrir á árinu 2005 dugir ekki en slegnir verða varnaglar í skólasamningi m.a. vegna óvissu um nemendafjölda.

6. Önnur mál

a) Útleiga salarkynna

- Fundarmenn velta fyrir sér hvort skipti máli hvaða aðilar eiga í hlut.
- Fundarmenn eru allir sammála um að vínveitingar eiga ekki heima í húsinu.
- Við útleigu lætur húsnæðið fljótt á sjá.
- Sett í hendur KPE, GA og PG að skoða hvernig útleigu salarkynna annarra skóla er háttað og gera tillögur fyrir næsta fund.

b) Hverjir lesa fundargerðir ?

- Senda tilkynningar á sveitarfélög þegar nýjar fundargerðir koma inn á vefinn.

c) Framlag til útfærslu verknáms í samvinnu við aðra skóla.

- Skólinn fékk styrk frá sjóði á vegum iðnaðarráðuneytis og menntamálaráðuneytis um eflingu starfsnáms á landsbyggðinni til að útfæra verknám í samvinnu við aðra skóla.
- Verður þetta verkefni unnið í samvinnu við FVA fyrir byggingagreinar og IR fyrir rafvirkja, auk iðnmeistara á svæðinu.
- Kynna þarf þessa "nýjung" fyrir fólki.

d) Skoða þarf möguleika á 1. stigi vélstjórnar hér við skólann.

Fundi slitið kl. 18:15